LANDSPÍTALI

Beinbrot eða liðbandaáverki

Bið heima eftir aðgerð

Eftirfarandi upplýsingar eru ætlaðar sjúklingum sem koma á bráðamóttöku Landspítala og læknisskoðun og rannsóknir hafa leitt í ljós að ráðlegt er að gera skurðaðgerð vegna beinbrots eða liðbandaáverka. Áverkinn er þó ekki þess eðlis að þörf sé á innlögn á spítalann heldur bíður sjúklingur heima eftir aðgerð.

Bæklunarskurðlæknir metur hvert tilfelli fyrir sig. Alltaf er reynt að gera aðgerð sem fyrst en metið er út frá eðli áverkans hve langur biðtíminn má vera. Bæklunarskurðlæknar fara síðan saman yfir vafamál og því kemur stundum fyrir að meðferð sé breytt eftir að sjúklingur fer heim af bráðamóttöku. Ef breyting er ráðlögð á meðferð þinni verður haft samband símleiðis.

Biðtími eftir aðgerð

Biðtími eftir aðgerð, vegna beinbrota og liðbandaáverka á útlimum, getur verið allt frá einum degi til tveggja vikna. Ástæður fyrir biðinni eru misjafnar eftir eðli áverka, heilsufari, álagi á skurðstofum og spítalanum og hvort nauðsynleg ígræði eru til. Í mörgum tilfellum bólgnar útlimur vegna áverkans og þá er ráðlagt að bíða eftir að bólgan minnki áður en aðgerð er framkvæmd. Það dregur úr hættu á fylgikvillum svo sem sýkingu.

Þessi biðtími hefur ekki áhrif á það hvernig beinið grær endanlega saman. Sjúklingur fer því heim og bíður eftir að fá boð um aðgerðardag. Starfsmaður spítalans hefur samband símleiðis og gefur leiðbeiningar um hvert og hvenær eigi að mæta á spítalann og sendir fræðsluefni um aðgerðina.

Fresta getur þurft aðgerðinni með litlum sem engum fyrirvara þar sem sjúklingar sem lent hafa í alvarlegum slysum eða veikindum sem ógna lífi ganga fyrir á skurðstofunni. Er þá fundinn nýr tími fyrir aðgerðina.

Verkir

Beinbrot geta verið mjög sársaukafull og fyrstu 2-3 dagarnir eru oftast verstir. Lyfseðill fyrir verkjalyfjum er sendur rafrænt og mælst er til þess að taka verkjalyf reglulega fyrstu dagana, en síðan eftir þörfum.

Bólga

Þegar bein brotna blæðir frá þeim og bólga myndast. Því meiri sem áverkinn er, því meiri er bólgan en oftast dregur úr henni á nokkrum dögum.

- Hafðu brotna útliminn sem mest í hálegu til þess að draga úr bólgu og verkjum.
- Réttu og krepptu fingur eða tær reglulega yfir daginn.

Gifs

Gifs er notað til þess að koma í veg fyrir hreyfingu á brotnu beini og draga þannig úr verkjum. Halda þarf gifsi þurru og hreinu. Ef hætta er á að útlimurinn bólgni mikið eru stundum notaðar opnar gifsspelkur í staðinn fyrir lokuð gifs.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Næring

Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar. Helsta byggingarefni líkamans er prótein sem eru meðal annars í kjöti, fiski og sumum mjólkurvörum. Vítamín og steinefni sem flýta gróanda eru í ávöxtum og grænmeti.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna, til dæmis lýsis, fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu/deyfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Hætta þarf töku blóðþynningarlyfja fyrir aðgerð samkvæmt ráðleggingum læknis til að minnka hættu á blæðingu í aðgerð.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir aðgerð.

Hafðu samband við göngudeild bæklunarskurðlækninga á dagvinnutíma í síma 543 2040 ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Bólga eykst eftir gifsun og gifs verður of þröngt. Einkenni þess eru miklir verkir sem minnka ekki við verkjalyf, dofi, kuldi og fölvi í fingrum eða tám á gifsuðum útlim. Eðlilegt er að finna fyrir dofa fyrstu tíma eftir heimkomu ef þörf var á deyfingu við gifsun.
- Hvassar brúnir á gifsi valda sárum.
- Sár er til staðar og blæðing stöðvast ekki innan fárra klukkustunda.
- Einkenni um sýkingu koma fram eins og hiti, roði og þroti við sár.
- Skyndilegir verkir sem ekki voru áður til staðar en þeir geta stafað af blóðtappa, einkum í fótleggjum.

Leitaðu á bráðamóttöku ef ofangreind einkenni koma upp utan dagvinnutíma.

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI – MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU FRÆ-0825
ÁBYRGÐARMENN: YFIRLÆKNIR BÆKLUNARSKURÐLÆKNINGA OG DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR BÆKLUNARSKURÐLÆKNINGA HÖNNUN: GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LANDSPÍTALA